

Vísitala framleiðsluverðs 2003–2007

Producer price index 2003–2007

Árshækkun vísitölu framleiðsluverðs mældist 22,4% í janúar 2007. Verðvísitala afurða stóriðju hækkaði á sama tíma um 42,0%, verðvísitala sjávarafurða hækkaði um 28,6% og verðvísitala matvælaframleiðslu hækkaði um 7,1%.

Vísitala framleiðsluverðs var fyrst birt árið 2004 en síðan hafa útreikningsaðferðir verið endurbættar og tíðni birtingar aukin. Hér verður farið nokkrum orðum um þessa þróun. Verðvísitala sjávarafurða fær sérstaka umfjöllun en aðferðafræði við útreikning hennar hefur nýlega verið löguð að vísitölu framleiðsluverðs. Að lokum eru svo birtar töflur er sýna þróun vísitölnunnar frá upphafi.


Verðþróun undangengið ár

Verðhækkningar í stóriðju og sjávarútvegi samhliða veikingu krónunnar

Frá janúar 2006 til 2007 mældist árshækkun vísitölu framleiðsluverðs 22,4%. Þessi hækkun orsakaðist fyrst og fremst af veikingu krónunnar samhliða hækkingu verði á áli og sjávarafurðum. Eins og sjá má af mynd 1 hækkaði verð afurða stóriðju í íslenskum krónum um 42,0% á þessu tímabili. Ef þróun vísitölu gengisskráningar Seðlabanka Íslands er skoðuð yfir sama tímabil, þá sýnir hún hækkun um 19,9% og hefur krónan því veikst sem því nemur.

Mynd 1. Vísitala framleiðsluverðs og verðvísitala afurða stóriðju (4. ársfj. 2005 = 100)

Figure 1. *Producer price index and PPI for power intensive industry products (4 quarter 2005 = 100)*




Verð útfluttra afurða hækkaði um 30,9% frá janúar 2006 til janúar 2007 en verð á afurðum seldum innanlands um 8,0%. Vægi sjávarafurða og afurða stóriðju í útflutningi er hátt, samtals 88,8% í janúar 2007. Aðrar útfluttar afurðir vege 11,2%, en verðvísitala þeirra hækkaði um 19,1% á árinu. Af afurðum seldum innanlands er rétt tæpur helmingur (47% í janúar 2007) matvæli, sem hækkuðu um 7,1% yfir tímabilið.

Samanburður við aðrar verðvísitölur

Vísitala framleiðsluverðs sýnir verðþróun á framleiðsluvörum þegar þær eru seldar frá framleiðendum. Þegar verð er mælt hefur verið tekið tillit til skatta, afslátta og annarra frádráttarliða. Verðhugtakið er sambærilegt við það sem notað er í vísitölu neysluverðs, sem mælir verðbreytingar á neysluvörum til heimilanna. Vísitölurnar mæla því að hluta til verðlag á sömu vörum en á ólíkum stigum í framleiðslukeðjunni. Samanburður þessara vísitalna gefur vísbendingu um það hvar verðbreytingar eiga upptök sín.

Mynd 2. Samanburður á vísitölu framleiðsluverðs fyrir matvæli og vísitölu neysluverðs fyrir matvæli framleidd hérlandis (4. ársfj. 2005 = 100)

Figure 2. PPI and CPI for domestically produced food (4 quarter 2005 = 100)



Greinileg fylgni er á milli vísitalnanna eins og sést á mynd 2. Frá fjórða ársfjórðungi ársins 2005 til janúar 2007 hefur vísitala framleiðsluverðs fyrir matvæli hækkað um 8,0%. Vísitala neysluverðs fyrir matvæli framleidd hérlandis hefur á sama tíma hækkað um 11,2%.

Þróun útreikningsaðferða

Tíðni birtinga

Vísitala framleiðsluverðs var fyrst birt fyrir 1. ársfjórðung 2004 og var sett 100 á 4. ársfjórðungi 2003. Vísitalan var birt ársfjórðungslega fram til ársins 2007. Mánaðarleg vísitala hefur verið birt frá árinu 2007, reiknuð aftur til janúar 2006.

Þekja atvinnugreina

Vísitala framleiðsluverðs nær yfir alla iðnaðarframleiðslu sem tilgreind er í íslenskri atvinnugreinaflokkun (ÍSAT95), deildum 14-36 að undanskildum greinum 22.1 (útgáfustarfssemi) og 35.1 (skipa- og bátasmíði). Gagnasöfnun í vísitöluna er háttáð þannig að hún nái sem best að lýsa samsetningu íslenskra atvinnugreina.


Undirvísitölur og viðmiðsbreytingar

Í upphafi var vísitalan aðeins greind í tvær undirvísitölur, verðvísitölu sjávarafurða og verðvísitölu annarrar iðnaðarframleiðslu. Með bættri þekju hefur vísitalan styrkst og svigrúm aukist til frekari sundurgreiningar í undirvísitölur.

Á 1. ársfjórðungi 2006 var bætt við tveimur nýjum undirvísitölum, vísitölu framleiðsluverðs fyrir afurðir seldar innanlands og vísitölu framleiðsluverðs fyrir útfluttar afurðir. Sú síðarnefnda var einnig birt án sjávarafurða. Jafnframt var viðmið vísitölunnar flutt af 4. ársfjórðungi 2003 og sett 100 á 4. ársfjórðungi 2005.


Mynd 3. Vísitala framleiðsluverðs, ársfjórðungsvísitala (4. ársfj. 2005 = 100)

Figure 3. Producer price index, quarterly index (4 quarter 2005 = 100)



Mynd 4. Vísitala framleiðsluverðs, mánaðarvísitala (4. ársfj. 2005 = 100)

Figure 4. Producer price index, monthly index (4 quarter 2005 = 100)



Þegar mánaðarleg birting vísitölunnar hófst var viðmiði vísitölunnar haldið föstu á 4. ársfjórðungi 2005, en með því móti eru ársfjórðungsvísitalan og mánaðarvísitalan samtengjanlegar. Jafnframt fjölgaði birtum undirvísitölum. Við bættust vísitala matvælavæðs og afurðavæðs stóriðju. Þá er að auki birt vísitala annars iðnaðar en matvæla, stóriðju og sjávarútvegs.

Grunnur vísitölunnar

Útreikningur vísitölu framleiðsluverðs er lagskiptur. Vogir á efra lagi eru byggðar á iðnaðarskýrslum Hagstofu Íslands. Þær innihalda upplýsingar um magn og verðmæti seldrar framleiðslu innlendra fyrirtækja.¹ Þegar vísitala framleiðsluverðs var fyrst birt fyrir 1. ársfjórðung 2004 voru vogir hennar metnar með upplýsingum úr iðnaðarskýrslu fyrir árið 2002 sem birt var í febrúar 2004. Vísitala, þar sem verðbreytingar eru vegnar saman með vogum frá fyrra tímabili, er nefnd Laspeyres vísitala. Grunnur vísitölunnar er endurskoðaður ár hvert, jafnóðum og nýjar iðnaðarskýrslur eru tilbúnar.

Laspeyres vísitala verður Fisher vísitala

Frá og með öðrum ársfjórðungi ársins 2006 var gerð sú breyting að reiknuð er Fisher vísitala á efra lagi í stað Laspeyres vísitölu. Í Fisher vísitölu eru vogir metnar fyrir tvö aðgreind tímabil og látnar vega saman undirvísitölur hvor í sínu lagi. Fást þá tvær vísitölur, fyrir vogir fyrra og seinna tímabilsins. Margfeldismeðaltal þeirra er Fisher vísitala. Við breytinguna sem gerð var 2006 voru vogir metnar með upplýsingum um vöruframleiðslu á árunum 2004 og 2005 og þeim haldið óbreyttum út árið 2006. Ávinningur af útreikningi Fisher vísitölu er m.a. sá að minnka áhrif skammtímasveiflna í framleiðslumagni á vísitöluna. Fisher vísitala tilheyrir hópi afburðavísitalna (e. superlative index).

Á neðra lagi hafa vogir frá upphafi verið uppfærðar mánaðarlega. Þetta er unnt að gera þar sem upplýsingar um magn hverrar vöru í vörusafni fyrirtækis fylgja með í verðsöfnuninni í hverjum mánuði. Með þessu móti myndar söluverðmæti í fyrri og seinni mánuði vogirnar sem nauðsynlegar eru til að reikna afburðavísitölu fyrir fyrirtækin í úrtakinu. Eftir breytinguna á efra lagi er vísitala framleiðsluverðs afburðavísitala í gegnum allt útreikningsferlið.

Verðsöfnun

Rafræn verðsöfnun

Verðsöfnun hefur frá upphafi verið rafræn þar sem gögnum er safnað beint úr bókhaldskerfum fyrirtækja. Gögn þau sem unnið er með veita upplýsingar um allar seldar framleiðsluvörur viðkomandi fyrirtækis í hverjum mánuði, m.a. um magn og verðmæti.² Þessi aðferð kemur í stað verðmælingar með hefðbundinni úrtakskönnun. Rafræn verðsöfnun minnkar svarbyrði fyrirtækjanna auk þess sem gögnin eru áreiðanlegri fyrir vikið. Ýmsir kostir fylgja því að fá upplýsingar um framleiðslumagn auk verðþróunar. Hægt er að meta vogir með nákvæmari hætti og nýta til útreiknings á Fisher vísitölum. Ekki síst er hægt að nota vogirnar til að meta vöxt einstakra framleiðslugreina frá einum mánuði til annars og þannig endurspeglar breytingar í framleiðslumagni fyrir en mögulegt væri ef aðeins væri stuðst við iðnaðarskýrslur. Frá og með janúar 2007 eru vogir fyrst metnar með niðurstöðum síðustu tveggja iðnaðarskýrslna og því næst er vog hvers fyrirtækis framreiknuð með hliðsjón af frumgögnum vísitölu framleiðsluverðs. Samhliða mánaðarlegri birtingu vísitölunnar eru upplýsingar um vogir undirvísitalna svo uppfærðar á vef. Vogir vísitölu framleiðsluverðs í janúar 2007 eru birtar í töflu 1.

¹ Hagstofa Íslands hefur safnað upplýsingum um verðmæti framleiðslu innlendra iðnfyrirtækja allt frá árinu 1953. Frá árinu 1996 hefur þessi söfnun miðast við vöruskrá Evrópusambandsins, PRODCOM, og eru niðurstöður birtar árlega í ritröð Hagtíðinda og á vef Hagstofu Íslands. Þýði iðnaðarskýrslna er það sama og þýði vísitölu framleiðsluverðs, þ.e. bálkar C og D samkvæmt ÍSAT95 atvinnugreinaflokkun.

² Vörur sem fyrirtækið kann að flytja inn og selja á íslenskum markaði eða flytja áfram á erlenda markaði eru undanskildar.


Tafla 1. Vogir fyrir undirvísitölur vísitölu framleiðsluverðs í janúar 2007

Table 1. Weights for subindices in the producer price index in January 2007

Hlutfall Percentage	2007 Janúar January
Vísitala framleiðsluverðs <i>Producer price index</i>	100,00
Sjávarafurðir <i>Marine products</i>	38,89
Stóriðja <i>Power intensive industry products</i>	17,38
Matvæli <i>Food products</i>	17,30
Annar iðnaður <i>Other manufacturing industry products</i>	26,43
Innlend sala <i>Domestic products</i>	36,65
Útfluttar afurðir <i>Exported products</i>	63,35
Útflutt án sjávarafurða <i>Exported products excluding marine products</i>	24,46
Útflutt án sjávarafurða og stóriðju <i>Exported products excluding marine products and power intensive industry products</i>	7,07


Mynd 5. Vogir vísitölu framleiðsluverðs í janúar 2007

Figure 5. Weights for subindices in the producer price index in January 2007



Mynd 6. Vogir vísitölu framleiðsluverðs í janúar 2007

Figure 6. Weights for subindices in the producer price index in January 2007



Verðvísitala sjávarafurða

Verðvísitala sjávarafurða löguð að vísitölu framleiðsluverðs

Í janúar 2007 var útreikningur á verðvísitölu sjávarafurða lagaður að útreikningsaðferðum vísitölu framleiðsluverðs. Nú fer verðsöfnun í sjávarútvegsfyrirtækjum fram á sama hátt og tíðkast hjá öðrum fyrirtækjum í úrtakinu. Gögnin sem berast eru tæmandi fyrir viðskipti fyrirtækjanna sem þátt taka í hverjum mánuði og er því hægt að fylgjast bæði með verðþróun og þróun á framleiðslumagni.

Útreikningur á verðvísitölu sjávarafurða er lagskiptur eins og útreikningur vísitölu framleiðsluverðs. Undirvísitölur hennar eru þó vegnar saman með öðrum hætti. Í henni eru þrjú lög; efst er verðvísitala sjávarafurða þar sem vegnar eru saman verðvísitölur þriggja afurðategunda, þ.e. botnfisks, skelfisks og uppsjávarfisks. Hver þessara afurðategunda er svo sett saman úr ólíkum þáttum. Verðvísitala fyrir botnfisk er samsett úr verðvísitölum fyrir ferskan, landfrystan, saltaðan, sjófrystan og hertan botnfisk. Verðvísitala fyrir skelfisk er byggð á verðvísitölum fyrir helstu skelfisktegundir og í verðvísitölu uppsjávarfisks eru vegnar saman verðvísitölur mjöls, lýsis og síldar.

Vogir í verðvísitölu sjávarafurða eru fengnar úr útflutningsskýrslum Hagstofunnar

Þegar vogir verðvísitölu sjávarafurða eru metnar er stuðst við upplýsingar um útfluttar sjávarafurðir sem gefnar eru út mánaðarlega af Hagstofunni. Þær eru metnar á ólíkan hátt milli afurðategunda enda veiðitími þeirra mikið til árstíða- og vertíðabundinn. Vogir botnfisks og skelfisks eru metnar á tveimur 6 mánaða löngum aðgreindum tímabilum þannig að þær endurspeglar nýjustu fáanlegu útflutningsupplýsingar. Nýjasti útflutningsmánuðurinn í vogunum er tveggja mánaða gamall. Vogir uppsjávarfisks eru metnar útfrá tveimur 3 mánaða löngum aðgreindum tímabilum sem falla á sömu árstíð og útreikningur vísitölnnar tekur til. Þannig er seinni vogin mynduð af útflutningsgögnum úr ársögmlum samnefndum mánuði auk mánaðarins á undan og eftir honum. Fyrri vogin er mynduð á sama hátt nema þá er notaður tveggja ára gamall samnefndur mánuður auk samliggjandi mánaða sitt hvorum megin við hann.

Á efsta lagi er einnig stuðst við útflutningsgögn. Í því tilfalli eru vogirnar hins vegar metnar yfir lengra tímabil, hvor um sig mynduð úr nýjustu tiltæku en

aðgreindu 12 mánaða tímabilunum í útflutningsupplýsingunum. Eins og í tilfalli botnfisks og skelfisks er nýjasti útflutningsmánuðurinn tveggja mánaða gamall.

*Birting undirvísitalna
endurskoðuð*

Jafnhliða breytingunum á útreikningsaðferðum verðvísitölu sjávarafurða voru birtar undirvísitölur hennar teknar til endurskoðunar. Nýjar undirvísitölur voru teknar upp en aðrar lagðar niður. Í hópi nýrra undirvísitalna má nefna vísitölu fyrir ferskan (ísaðan) botnfisk. Hlutur ferska fisksins hefur farið ört vaxandi í útflutningi undanfarin ár og var hann kominn upp í tæp 20% af útfluttum botnfiski árið 2006. Aðrar nýjar undirvísitölur eru verðvísitölur fyrir botnfisk, skelfisk og uppsjávarfisk. Verðvísitölur höfðu ekki áður verið birtar fyrir þessar afurðategundir í heild sinni. Birt hafði verið botnfisksvísitala sem undanskildi ferskan fisk, en hún var ein þeirra sem lögð var niður við þessar breytingar. Verðvísitölur fyrir humar, hörpudisk og rækju hafa verið lagðar niður. Veiðar á skelfiski hafa dregist verulega saman undanfarin ár og því skortir verðmælingar til að reikna þessar vísitölur. Sem stendur er skelfisksvísitala nánast eingöngu samsett úr verðmælingum á rækju, en humarverð kemur inn í hana þegar humar veiðist. Verðvísitala uppsjávarfisks er nú birt sérstaklega en hún samanstendur af verðvísitölum mjöls, lýsis, saltsíldar og ferskrar síldar.

*Verðvísitala sjávarafurða á
nýjum grunni*

Verðvísitala sjávarafurða og undirvísitölur hennar voru endurreiknaðar með nýjan grunn, 4. ársfjórðung 2005 = 100 eins og aðrar undirvísitölur framleiðsluverðs. Nýju undirvísitölurnar einnig reiknaðar aftur til þess tíma. Eingöngu verður haldið áfram að birta verðvísitölu sjávarafurða reiknaða í íslenskum krónum og vísitölum á eldri grunni verður ekki haldið við.

English summary

The producer price index increased by 22.4% from January 2006 to 2007. The PPI for power intensive industry products rose by 42.0%, the PPI for marine products by 28.6% and the PPI for food products increased by 7.1%. The producer price index was disseminated for the first time in 2004. Since then its methodology has been revised and its coverage extended. As of January 2007 the index is compiled monthly.

Tafla 2. Vísitala framleiðsluverðs og undirvísitölur 2006–2007Table 2. *Producer price index and subindices 2006–2007*

4. fjórðungur 2005 = 100 4 quarter 2005 = 100	2006			
	Janúar <i>January</i>	Febrúar <i>February</i>	Mars <i>March</i>	Apríl <i>April</i>
Vísitala framleiðsluverðs <i>Producer price index</i>	102,8	105,4	111,3	116,7
Verðvísitala sjávarafurða <i>Price index for marine products</i>	101,7	102,5	109,9	118,4
Verð á afurðum stóriðju <i>Price of power intensive industry products</i>	111,0	121,6	135,9	145,3
Verð á afurðum matvælaframleiðslu <i>Price of food products</i>	100,8	101,8	102,4	103,4
Verð á öðrum iðnaði <i>Price of other manufacturing industry products</i>	101,2	103,2	105,9	107,6
Verð á afurðum seldum innanlands <i>Price of products sold domestically</i>	100,9	101,5	102,0	102,5
Verð á útfluttum afurðum <i>Price of exported products</i>	104,0	107,8	117,0	125,3
Verð á útfluttum afurðum án sjávarafurða <i>Price of exported products excluding marine products</i>	108,0	117,1	129,4	137,6
Verð á útfluttum afurðum án afurða sjávarútvegs og stóriðju <i>Price of exported products excluding marine products and power intensive industry products</i>	102,1	108,4	116,8	122,6

Skýringar Notes: Verð mæld í íslenskum krónum. *Prices measured in ISK.***Tafla 3. Vísitala framleiðsluverðs, breytingar frá síðasta mánuði (%)**Table 3. *Producer price index, monthly changes (%)*

4. fjórðungur 2005 = 100 4 quarter 2005 = 100	2006			
	Janúar <i>January</i>	Febrúar <i>February</i>	Mars <i>March</i>	Apríl <i>April</i>
Vísitala framleiðsluverðs <i>Producer price index</i>	2,8	2,5	5,6	4,8
Verðvísitala sjávarafurða <i>Price index for marine products</i>	1,7	0,8	7,3	7,7
Verð á afurðum stóriðju <i>Price of power intensive industry products</i>	11,0	9,6	11,8	6,9
Verð á afurðum matvælaframleiðslu <i>Price of food products</i>	0,8	1,0	0,6	0,9
Verð á öðrum iðnaði <i>Price of other manufacturing industry products</i>	1,2	1,9	2,6	1,6
Verð á afurðum seldum innanlands <i>Price of products sold domestically</i>	0,9	0,6	0,5	0,5
Verð á útfluttum afurðum <i>Price of exported products</i>	4,0	3,7	8,5	7,1
Verð á útfluttum afurðum án sjávarafurða <i>Price of exported products excluding marine products</i>	8,0	8,4	10,5	6,3
Verð á útfluttum afurðum án afurða sjávarútvegs og stóriðju <i>Price of exported products excluding marine products and power intensive industry products</i>	2,1	6,1	7,8	5,0

Skýringar Notes: Verð mæld í íslenskum krónum. *Prices measured in ISK.*

2006									2007
Maí <i>May</i>	Júní <i>June</i>	Júlí <i>July</i>	Ágúst <i>August</i>	September <i>September</i>	Október <i>October</i>	Nóvember <i>November</i>	Desember <i>December</i>	Meðaltal <i>Average</i>	Janúar <i>January</i>
117,2	124,2	123,5	120,8	120,8	119,4	122,7	124,7	117,4	125,8
118,6	125,4	128,4	125,4	127,6	125,6	129,6	130,3	120,3	130,8
150,0	168,2	149,2	143,2	140,0	137,3	147,6	151,4	141,7	157,7
104,2	105,8	106,1	106,0	105,8	105,7	105,6	107,3	104,6	108,0
105,9	110,5	113,8	111,7	110,4	109,6	110,3	113,6	108,6	113,1
103,3	105,6	107,7	107,6	107,3	107,5	107,3	108,8	105,2	109,0
125,6	135,4	133,0	128,8	129,0	126,6	132,0	134,3	124,9	136,1
138,0	153,0	141,2	134,8	131,6	128,3	136,2	141,6	133,1	145,4
114,6	123,4	125,7	118,3	115,3	110,9	114,1	122,5	116,2	121,6

2006									2007
Maí <i>May</i>	Júní <i>June</i>	Júlí <i>July</i>	Ágúst <i>August</i>	September <i>September</i>	Október <i>October</i>	Nóvember <i>November</i>	Desember <i>December</i>	Janúar <i>January</i>	
0,4	5,9	-0,5	-2,2	0,0	-1,2	2,8	1,7	0,9	
0,2	5,7	2,4	-2,4	1,8	-1,6	3,2	0,5	0,4	
3,3	12,1	-11,3	-4,0	-2,3	-1,9	7,5	2,6	4,1	
0,8	1,5	0,2	-0,1	-0,2	-0,1	-0,1	1,6	0,7	
-1,5	4,3	3,0	-1,9	-1,1	-0,7	0,6	3,0	-0,4	
0,8	2,2	2,0	-0,1	-0,4	0,2	-0,2	1,4	0,2	
0,3	7,8	-1,7	-3,2	0,2	-1,9	4,3	1,8	1,3	
0,3	10,9	-7,7	-4,6	-2,4	-2,5	6,1	3,9	2,7	
-6,5	7,7	1,9	-5,9	-2,6	-3,8	2,8	7,4	-0,7	

Tafla 4. Verðvísitala sjávarafurða og undirvísitölur 2006–2007

Table 4. Price indices of marine products and subindices 2006–2007

4. fjórðungur 2005 = 100 4 quarter 2005 = 100	2006			
	Janúar January	Febrúar February	Mars March	Apríl April
Verðvísitala sjávarafurða <i>Price index for marine products</i>	101,7	102,5	109,9	118,4
Verð á botnfiski <i>Price of groundfish products</i>	100,8	103,0	111,8	124,6
Verð á ferskum afurðum <i>Price of fresh products</i>	101,8	99,1	105,4	121,9
Verð á landfrystum afurðum <i>Price of landfrozen products</i>	100,7	103,6	111,6	121,9
Verð á söltuðum afurðum <i>Price of salted products</i>	100,2	103,8	112,5	122,1
Verð á sjófrystum afurðum <i>Price of frozen at sea products</i>	99,7	102,1	108,9	118,3
Verð á skreið <i>Price of dried products</i>	99,6	103,8	112,7	112,7
Verð á skelfiski <i>Price of shellfish products</i>	96,8	99,1	109,5	117,6
Verð á uppsjávarfiski <i>Price of pelagic products</i>	96,9	109,8	114,8	128,8
Verð á mjöli <i>Price of fishmeal</i>	102,0	109,9	118,0	135,0
Verð á lýsi <i>Price of fishoil</i>	101,1	103,1	105,6	105,7
Verð á mjöli og lýsi <i>Price of fishmeal and fishoil</i>	101,8	108,7	115,4	128,7
Verð á saltsíld <i>Price of salted herring</i>	100,1	99,7	102,5	117,8
Verð á frystri síld <i>Price of frozen herring</i>	99,8	105,0	109,4	115,6
Verð á saltsíld og frystri síld <i>Price of salted herring and frozen herring</i>	99,9	103,2	108,6	115,9

Skýringar Notes: Verð mæld í íslenskum krónum. Prices measured in ISK.

2006									2007
Maí <i>May</i>	Júní <i>June</i>	Júlí <i>July</i>	Ágúst <i>August</i>	September <i>September</i>	Október <i>October</i>	Nóvember <i>November</i>	Desember <i>December</i>	Meðaltal <i>Average</i>	Janúar <i>January</i>
118,6	125,4	128,4	125,4	127,6	125,6	129,6	130,3	120,3	130,8
124,4	128,4	129,3	124,5	124,4	122,4	126,7	130,8	120,9	131,6
119,9	124,8	129,7	126,7	126,4	124,5	128,9	135,9	120,4	136,9
123,2	127,9	129,0	124,2	125,6	125,6	128,5	131,2	121,1	131,8
123,9	127,6	127,5	124,1	125,6	125,3	131,2	131,3	121,2	131,4
118,2	120,0	118,9	114,7	116,3	111,9	113,7	113,1	113,0	114,6
119,6	121,6	123,5	118,0	116,4	114,6	119,3	121,8	115,3	124,7
120,7	123,7	123,4	116,2	114,9	111,6	115,7	120,0	114,1	116,9
128,4	154,0	169,2	170,2	169,5	164,0	164,0	163,9	144,5	165,0
135,0	172,0	202,6	207,0	207,4	205,2	205,9	206,4	167,2	201,7
105,6	111,5	120,2	120,3	121,5	121,5	120,6	120,3	113,1	129,0
128,7	159,0	184,9	188,4	189,0	187,3	187,6	187,9	155,6	192,2
117,8	117,8	117,8	117,8	117,8	117,8	100,8	89,1	109,7	89,1
115,2	111,5	104,4	99,2	99,0	105,7	103,5	97,6	105,5	97,9
115,6	112,4	106,1	101,6	101,4	107,3	103,3	96,6	106,0	96,9

Tafla 5. Verðvísitala sjávarafurða, breytingar frá síðasta mánuði (%)

Table 5. Price indices of marine products, monthly changes (%)

4. fjórðungur 2005 = 100 4 quarter 2005 = 100	2006			
	Janúar January	Febrúar February	Mars March	Apríl April
Verðvísitala sjávarafurða Price index for marine products	1,7	0,8	7,3	7,7
Verð á botnfiski Price of groundfish products	•	2,1	8,6	11,4
Verð á ferskum afurðum Price of fresh products	•	-2,7	6,4	15,6
Verð á landfrystum afurðum Price of landfrozen products	0,3	2,8	7,7	9,2
Verð á söltuðum afurðum Price of salted products	-1,7	3,6	8,3	8,5
Verð á sjófrystum afurðum Price of frozen at sea products	4,7	2,4	6,7	8,6
Verð á skreið Price of dried products	-0,6	4,2	8,5	0,0
Verð á skelfiski Price of shellfish products	•	2,4	10,4	7,4
Verð á uppsjávarfiski Price of pelagic products	•	13,3	4,6	12,1
Verð á mjöli Price of fishmeal	3,5	7,7	7,4	14,4
Verð á lýsi Price of fishoil	0,8	2,0	2,5	0,0
Verð á mjöli og lýsi Price of fishmeal and fishoil	3,1	6,7	6,2	11,5
Verð á saltsíld Price of salted herring	1,0	-0,4	2,8	14,9
Verð á frystri síld Price of frozen herring	-10,5	5,2	4,2	5,7
Verð á saltsíld og frystri síld Price of salted herring and frozen herring	-6,8	3,3	5,3	6,7

2006								2007
Maí <i>May</i>	Júní <i>June</i>	Júlí <i>July</i>	Ágúst <i>August</i>	September <i>September</i>	Október <i>October</i>	Nóvember <i>November</i>	Desember <i>December</i>	Janúar <i>January</i>
0,2	5,7	2,4	-2,4	1,8	-1,6	3,2	0,5	0,4
-0,2	3,2	0,7	-3,7	-0,1	-1,6	3,5	3,2	0,6
-1,6	4,1	3,9	-2,3	-0,3	-1,5	3,6	5,5	0,7
1,1	3,8	0,8	-3,7	1,1	0,0	2,3	2,1	0,4
1,5	3,0	-0,1	-2,7	1,2	-0,2	4,7	0,1	0,0
-0,1	1,6	-0,9	-3,6	1,4	-3,7	1,6	-0,5	1,4
6,1	1,7	1,6	-4,5	-1,4	-1,5	4,1	2,1	2,4
2,6	2,5	-0,3	-5,8	-1,1	-2,8	3,6	3,7	-2,6
-0,3	19,9	9,9	0,6	-0,4	-3,3	0,0	-0,1	0,7
0,0	27,4	17,8	2,2	0,2	-1,1	0,4	0,2	-2,3
0,0	5,5	7,8	0,1	1,0	0,0	-0,8	-0,3	7,3
0,0	23,5	16,3	1,9	0,3	-0,9	0,2	0,2	2,3
0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-14,4	-11,5	0,0
-0,3	-3,2	-6,4	-5,0	-0,1	6,7	-2,1	-5,7	0,3
-0,3	-2,8	-5,6	-4,3	-0,2	5,8	-3,7	-6,4	0,3

Tafla 6. Vísitala framleiðsluverðs og undirvísitölur 2003–2006Table 6. *Producer price index and subindices 2003–2006*

4. ársfjórðungur 2005 = 100 4 quarter 2005 = 100	2003		2004			
	4. ársfj. 4 quarter	1. ársfj. 1 quarter	2. ársfj. 2 quarter	3. ársfj. 3 quarter	4. ársfj. 4 quarter	Meðaltal Average
Vísitala framleiðsluverðs <i>Producer price index</i>	103	101,1	103	103,7	103,3	102,8
Verðvísitala sjávarafurða <i>Price index for marine products</i>	105,2	101,1	102,2	103,2	104	102,6
Verð á öðrum iðnaði <i>Price of other manufacturing industry products</i>	101,4	101,1	103,7	104	102,8	102,9
Verð á afurðum seldum innanlands <i>Price of domestic products</i>	•	•	•	•	•	•
Verð á útfluttum afurðum <i>Price of exported products</i>	•	•	•	•	•	•
Verð á útfluttum afurðum án sjávarafurða <i>Price of exported products excluding marine products</i>	•	•	•	•	•	•

Skýringar Notes: Verð mæld í íslenskum krónum. *Prices measured in ISK.*

Tafla 7. Vísitala framleiðsluverðs, breytingar frá síðasta ársfjórðungi (%)Table 7. *Producer price index, quarterly changes (%)*

4. ársfjórðungur 2005 = 100 4 quarter 2005 = 100	2004			
	1. ársfj. 1 quarter	2. ársfj. 2 quarter	3. ársfj. 3 quarter	4. ársfj. 4 quarter
Vísitala framleiðsluverðs <i>Producer price index</i>	-1,9	1,9	0,7	-0,3
Verðvísitala sjávarafurða <i>Price index for marine products</i>	-3,9	1,1	1,0	0,8
Verð á öðrum iðnaði <i>Price of other manufacturing industry products</i>	-0,2	2,5	0,4	-1,2
Verð á afurðum seldum innanlands <i>Price of domestic products</i>	•	•	•	•
Verð á útfluttum afurðum <i>Price of exported products</i>	•	•	•	•
Verð á útfluttum afurðum án sjávarafurða <i>Price of exported products excluding marine products</i>	•	•	•	•

Skýringar Notes: Verð mæld í íslenskum krónum. *Prices measured in ISK.*

2005					2006				
1. ársfj. <i>1 quarter</i>	2. ársfj. <i>2 quarter</i>	3. ársfj. <i>3 quarter</i>	4. ársfj. <i>4 quarter</i>	Meðaltal <i>Average</i>	1. ársfj. <i>1 quarter</i>	2. ársfj. <i>2 quarter</i>	3. ársfj. <i>3 quarter</i>	4. ársfj. <i>4 quarter</i>	Meðaltal <i>Average</i>
99,8	100,8	100,3	100	100,2	106,6	118,8	121,2	121,6	117,1
99,7	99,8	100,6	100	100	104,9	120,4	127,1	128,5	120,3
99,9	101,5	100,1	100	100,4	107,8	117,8	117,3	117	115
•	•	•	100	•	101,2	103,6	106,3	106,5	104,4
•	•	•	100	•	109,5	128,2	130,4	130,9	124,7
•	•	•	100	•	117,7	142,6	135,8	134,4	132,6

2005				2006			
1. ársfj. <i>1 quarter</i>	2. ársfj. <i>2 quarter</i>	3. ársfj. <i>3 quarter</i>	4. ársfj. <i>4 quarter</i>	1. ársfj. <i>1 quarter</i>	2. ársfj. <i>2 quarter</i>	3. ársfj. <i>3 quarter</i>	4. ársfj. <i>4 quarter</i>
-3,4	1,0	-0,5	-0,3	6,6	11,5	2,0	0,3
-4,2	0,1	0,9	-0,6	4,9	14,8	5,6	1,1
-2,9	1,7	-1,4	-0,1	7,8	9,3	-0,4	-0,3
•	•	•	•	1,2	2,3	2,6	0,2
•	•	•	•	9,5	17,1	1,7	0,4
•	•	•	•	17,7	21,1	-4,8	-1,0

Hagtiðindi **Verðlag og neysla**
Statistical Series ***Prices and consumption***

92. árgangur nr. 25 2007:4

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-570X (pappír *paper*) • ISSN 1670-5718 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Heiðrún Guðmundsdóttir • heidrun.gudmundsdottir@hagstofa.is,

Kári Joensen • kari.joensen@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series